

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. apríl 2009  
Tilvísun: UST20090300144/ksj

### Skógrækt og uppgræðsla á Selfjalli, í lögsögu Kópavogs

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 30. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Í greinargerð kemur fram að skógrækt og uppgræðsla á Selfjalli í lögsögu Kópavogs verður unnin í samvinnu Kópavogsbæjar, Skógræktarfélags Kópavogs, Skógræktarfélags Íslands og Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs. Tilgangur verkefnisins er uppgræðsla og skógrækt til útivistar. Áætlað er að framkvæmdin standi yfir til ársins 2020 og nái til svæðis sem er alls um 145 ha lands. Einnig kemur fram að liðlega 12.000 plöntur verði gróðursettar árlega á svæðinu, og að uppgræðsla nái til um 6 ha lands á hverju ári. Fram kemur í greinargerð að fyrirhugað skógræktarsvæði og umhverfi þess er óskipulagt.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við áform um skógrækt og uppgræðslu

#### Markmið

Í upptalningu markmiða er fyrsta markmið „að taka til ræktunar ný svæði og endurheimta skóg“. Að mati Umhverfisstofnunar er einungis hægt að endurheimta skóg með því að rækta innlendar tegundir á svæði þar sem áður var skógur. Með ræktun tegunda eins og alaskaösp, alaskavíði, sitkagreni, lerki, stafafuru, rússalerki og blágreni sem eru erlendar tegundir er ætlunin að skapa nýja vistgerð og þarf markmiðssetning með framkvæmdinni að endurspegla það.

Í umfjöllun um áveðra og gróðurtrýr svæði í brekkubrúnum í Selfjalli kemur fram að ofanvert í hlíðum þurfi að huga að þéttari gróðursetningum, síðan segir: „Einnig þarf að huga að því að í grámosapembum sem eru algengar á þessum jaðarsvæðum, er nauðsynlegt að rjúfa mosalagið áður en gróðursett er í það, með svokallaðri flekkun.“ Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki að rjúfa grámosapembur enda eitt af helstu markmiðum verkefnisins að: “að rækta upp ógróin svæði og stöðva rof,,.

## Náttúruminjar


Á loftmyndum sem fylgja með erindinu sem fylgiskjal sést glögg að hrauntaumar hafa runnið að hliðum Selfjalls, og eru rennslistaumar og gárur sýnilegar og hraunkantar afar formfagrir eins og sést sérstaklega á myndum 7 og 9 er fylgja erindinu. Einnig koma fram í skógræktaráætlun og náttúrufarskönnun Skógræktarfélags Íslands fyrir Selfjall sem fylgir með erindinu ýmsar upplýsingar um jarðfræði svæðisins og hraunin sem runnið hafa umhverfis Selfjall ásamt nöfnum þeirra. Eldhraun af því tagi sem umhverfis Selfjall eru falla undir sérstaka vernd samkvæmt 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en þar segir „ Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:


a. eldvörp, gervigígar og eldhraun.... “. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er öll ræktun útlendra plöntutegunda hér á landi óheimil á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar. Bendir stofnunin á að í grein 2.6 í skógræktaráætluninni þar sem fjallað er um hraunjaðar segir: „Forðast ber að gróðursetja of nálægt þessum fallegum hraunmyndunum og leyfa þeim að halda sérstöðu sinni í landslaginu.“ Að mati Umhverfisstofnunar ber skv. framangreindu að orða grein 2.6 í skógræktaráætlun með þeim hætti að samræmist framangreindri reglugerð.

## Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur áætlun um skógrækt á Selfjalli greinargóða og skýra. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að eldhraunum og jöðrum þeirra verði ekki raskað og trjám ekki plantað svo nærri jaðri að hann hverfi sjónum heldur fái samhengi hinna ýmsu jarðmyndana að njóta sín. Einnig telur Umhverfisstofnun óþarfa að rjúfa mosalög, leyfa þeim frekar að halda sér og gróðursetja í grennd við þau. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við skógræktaráætlun á Selfjalli og telur áætlunina ekki líklega til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif ef tekið er tillit til álits stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Olafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Kópavogsbær